

# STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2001

12. janúar 2001

23

Nr. 15

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.**

1. gr.

Við skilgreiningu rafræns bókhalds í 1. gr., á eftir „skeytum“, bætist: sem skrást í gagnadagbók.

2. gr.

Við 2. mgr. 11. gr., á eftir „reikningsskilavenju“, bætist: og skal yfirlýsing seljanda eða hönnuðar hugbúnaðarins þess efnis liggja fyrir í bókhaldsgögnum notanda.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. gr. laga um bókhald og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Marianna Jónasdóttir.*

12. janúar 2001

Nr. 16

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila, með síðari breytingum skv. reglugerðum nr. 539/1993, 136/1997 og 599/1999.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

a) 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða rafrænan sölureikning, þ.e. reikning sem á uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi skv. reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, skal reikningurinn uppfylla ákvæði 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

b) Við lokamálslið 3. mgr., á eftir „598/1999“, bætist: , þ.m.t. er nægjanlegt að seljandi, sem er með rafrænt bókhaldskerfi, prenti rafrænan sölureikning í einriti, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 598/1999, fyrir viðskiptamann sem ekki er með slíkt bókhaldskerfi.

Gutenberg